

5. fundur landssambandsstjórnar DKG 2022-2023 haldinn mánudaginn 13. febrúar 2023 kl. 19:30 – 21:25 - fjarfundur

Mættar: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Þetadeild, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir Betadeild, vefstjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

2. Landssambandsþing 13. – 14. maí

- Staða undirbúnings: - Tillaga uppstillinganefndar um tillögur að nýrri stjórn kynntar
- Kynningarmál: - Rætt um að senda sem fyrst út auglýsingu um vorþingið í frétt á heimasíðu og á FB. Senda út skráningarform og að skráningu verði lokið í lok mars eða byrjun apríl og skráning gerð gild með greiðslu. Dagskrá þingsins birt með fyrirvara en í seinasta lagi 3. maí.

3. Spilastokkar – Umræða um spilastokka sem og hvort ætti að láta gera fleiri og fara með á ráðstefnuna. Sammælt um að markaðsetning þarf að taka mið af samtímanum með hugmyndum sem falla að honum. Einnig voru umræður um formannsnælur og nælur fyrir fyrrverandi formenn deilda. Hefð fyrir því að formannsnælan gangi á milli formanna í deildum en sem fyrrverandi formenn gætu keypt sér hana ef deildin veitir hana ekki.

4. Samskipti við DKG í Kanada

Guðrún Edda greindi frá netfundi að frumkvæði DKG í Kanada. Þátttakendur voru DKG fylkjakonu, forsetar fylkja og landsforsetar og landsstjórna í Evrópu. Forsetar fylkja sögðu stuttlega frá sínum fylkjum, fjölda deilda og félaga og frá því starfi sem þær eru stoltar af. Nokkrar munu sækja ráðstefnuna í Finnlandi. Upplýsandi var hin mikla fjarlægð sem deildir í Kanada glíma við og hve fjarfundir skipta þar miklu máli.

5. DKG 2023 Achievement Award – Rætt um mögulega tilnefningu frá okkur fyrir þessari alþjóðlegu viðurkenningu á félagslegum störfum fyrir hreyfinguna, heima og erlendis. Ákveðið að leita til Sigrúnar Klöru Hannesdóttur um leiðbeiningar um hæfniskröfur sem gerðar eru til umsækjanda.

6. Evrópuráðstefnan –

- Kynningar - Nákvæm dagskrá liggur ekki fyrir á þessum tímapunkti en það er hægt að skrá sig og panta hótél.
- Umræður um kostnað og styrki fyrir nýjar landssambandsstjórnir og eins námskeið sem haldið er í Austin í Texas 23.-26. Júní. Áður voru slík námskeið tengslum við alþjóðþingið. Íslandsdeildin á rétt á 2 plássum á námskeiðið fyrir

landsambandsstjórnina. Guðrún Edda skráir þau með fyrirvara um að hægt verði að draga pláss tilbaka. Forseti kannar betur rétthafa til námskeiðsins.

Önnur mál

- Umræða um hugmynd um að fá Sigríði Huldu Jónsdóttur til að halda fræðsluerindi fyrir stjórnarmenn deilda og landssambandið og hvor bjóða ætti fleirum. Hún hefur ekki svarað. Mikilvægt að halda félögum deilda við efnið.
- Umræða um að fylgja eftir félögum sem hafa hætt og styðja við núverandi félaga og hvetja. Punktur frá félaga-og útbreiðslunefnd og alþjóðasamtökum.
- Sammælt um að hittast aftur sem fyrst í byrjun mars, koma skráningu á vorþingið í gang og stefna að leiðtogafræðsluerindinu um miðjan þann mánuð.
- Þorgerður sagði frá námskeiði um leiðtogafræðslu hjá DKG Californiu, fékk styrk frá þeim og afar góðar og hlýjar móttökur. Gestafyrirlesari var Dr. Belle Wheelan, góður hvati til að mæta á alþjóðþingið í Finnlandi.
- Aníta lagði til að landssambandsstjórnin hittist í raunheimi áður en störfum hennar lyki og tóku konur því fagnandi.

Fundargerð ritaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir

Fundið slitið kl. 21:09

Næsti fundur mánudagur 06. mars kl. 19:30